

FRÉTTAÞÓSTUR TIL FÉLAGSMANNA Í BÚSÆLD

2. tbl. 1. árg. • Maí 2009 • Útgefandi: Búsæld • Prentvinnsla: Ásprent

Haustslátrun sauðfjár 2009

Við það er miðað að haustslátrun sauðfjár hefjist á Húsavík fimmtudaginn 27. ágúst og standi til 23. október og á Höfn hefjist haustslátrun mánudaginn 21. september og ljúki 30. október. Á báðum stöðum verður boðið upp á forslátrun - á Húsavík verður hún að óbreyttu í kringum 20. ágúst.

Haustslátrun hefst á svipuðum tíma á Húsavík og sl. haust en á Höfn hefst hún nú tæplega viku síðar en sl. haust. Reynir Eiríksson, framleiðslustjóri, segir að í ljósi reynslunnar sl. haust, þegar afar treglega gekk að fá lömb til slátrunar fyrstu daga haustsláturtíðar, hafi verið ákveðið að hefja slátrun á Höfn nokkrum dögum síðar en sl. haust. „Það kostar fyrirtækið mikla fjármuni að hafa fullmönnuð slátruhús, en fáa dilka til að slátra. Þegar þannig háttar er fyrirtækið að tapa meira en einni milljón króna á dag í hvoru slátruhúsi. Afar mikilvægt er að í sláturtíðinni í haust lendum við ekki aftur í þeirri stöðu að hafa



fullmönnuð slátruhús en fá ekki fé til slátrunar. Til þess að koma í veg fyrir það munum við núna í júní fara yfir niðurröðun sláturfjár með bændum og leitast þannig við að tryggja að haustslátrunin verði markviss og án upphalds. Þannig verður nýting slátruhúsanna best og jafnframt hagkvæmust,“ segir Reynir.

Samstarf við Murr ehf.

Frá því um áramót hefur gæludýraframleiðandinn Murr ehf. í Súðavík keypt af Norðlenska á sjötta tug tonna af innmat úr stórgripum. Um er að ræða innmat sem að öðrum kosti væri urðaður, t.d. milta, hluti þinda o.fl.

Murr ehf. hefur nýverið hafið framleiðslu á gæludýrafóðri - fyrir ketti og hunda - og þessi hluti innmatarins úr stórgripunum nýtist vel í hana. Framleiðsluvörurnar eru þegar komnar á markað og viðbrögðin lofa góðu.

Reynir Eiríksson, framleiðslustjóri, segir mjög jákvætt að unnt sé að nýta þennan hluta innmatarins með þessum hætti. Verið sé að skapa úr honum verðmæti og jafnframt sé dregið úr förgun. „Þetta er því vissulega afar jákvætt skref í umhverfismálum,“ segir Reynir.

Fundað með bændum í Búsæld

Í apríl boðuðu forsvarsmenn Norðlenska og Búsældar til sex funda með félagsmönnum í Búsæld á starfssvæðinu. Fundirnir voru á Hellu, Kirkjubæjarklaustri, Höfn, Breiðdalsvík, Egilsstöðum og Svalbarðsströnd. Á fundunum var m.a. rætt um stöðu og horfur á kjötmarkaði og rekstur Norðlenska.

Sigmundur E. Ófeigsson, framkvæmdastjóri Norðlenska, segir að fundirnir hafi verið misjafnlega vel sóttir, en ágæt og gagnleg umræða hafi þar farið fram. Sigmundur segir stöðu bænda afar mismunandi og hún ráðist að miklu leyti af skuldastöðu þeirra. Vegna gengismálanna sé staða þeirra bænda mun erfiðari sem á síðustu árum og misserum hafa ráðist í miklar fjárfestingar og af þeim sökum þurft að skuldsetja sig.

Óhóflegur fjármagnskostnaður á síðasta ári

Daglegur rekstur Norðlenska var í góðu jafnvægi á árinu 2008 og mjög í takti við áætlanir. En gengisfall krónunnar og gríðarlega hátt vaxtastig í þjóðfélaginu kom illa við Norðlenska eins og öll önnur fyrirtæki í landinu og gerði það að verkum að félagið var gert upp með 402 milljóna króna halla á árinu 2008. Norðlenska velti 3,7 milljörðum króna á síðasta ári, sem er tæplega 16% aukning frá fyrra ári. Sala framleiðsluvara fyrirtækisins var mjög góð á árinu og hefur raunar aldrei verið meiri. Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA) var 254 milljónir á liðnu ári, en gríðarleg hækkun fjármagnsgjalda á síðari hluta árs 2008 gerði það að verkum að niðurstöðutalan var halli upp á 402 milljónir króna. Rekstur Norðlenska var í mjög góðu jafnvægi fyrstu tvo ársfjórðunga og þá var fyrirtækið í hagnaðarrekkstri, en algjör umskipti

urðu íefnahagshruninu á síðustu mánuðum ársins. Það segir sína sögu að fjármagnsliðir hækkuðu úr 111 milljónum króna árið 2007 í 590 milljónir árið 2008. Þar hefur gengisfall krónunnar gagnvart erlendum myntum afgerandi áhrif sem og himinháir vextir. Einnig hækkuðu ýmsir rekstrarþættir upp úr öllu valdi á árinu - t.d. þutningskostnaður. Norðlenska keypti kjöt af framleiðendum fyrir um 1400 milljónir króna á síðasta ári og til viðbótar keypti félagið kjöt af öðrum fyrir um 400 milljónir. Í það heila keypti Norðlenska því afurðir fyrir tæpa tvo milljarða króna á árinu. Stjórn Norðlenska var endurkjörin á aðalfundi Norðlenska 20. febrúar sl. Í henni eru Auður Finnbogadóttir, formaður, Ingvi Stefánsson, varaformaður, Geir Árdal, ritari, Aðalsteinn Jónsson, meðstjórnandi og Heiðrun Jónsdóttir, meðstjórnandi.

Samdráttur í sölu lambakjöts



Á síðustu mánuðum hefur orðið samdráttur í sölu Norðlenska á lambakjöti, sem hefur þýtt minni umsetningu starfsstöðvar fyrirtækisins á Húsavík. Hins vegar hefur umsetningin á Akureyri aukist á sama tíma. Ástæðan fyrir þessu er, að sögn Sigmundar E. Ófeigssonar, framkvæmdastjóra, að megnið af vinnsluvörðunni er á Akureyri en úrvinnsla sauðfjárafurða er á Húsavík. „Neysla fólks hefur breyst á síðustu mánuðum. Dýrari steikur seljast ekki eins vel og áður en neyslan hefur færst í ódýrari vörur. Þetta kemur glögglega fram í fyrirliggjandi tölum fyrir fyrstu mánuði ársins. Þær leiða í ljós veltuaukningu í magni en óverulega aukningu í krónutölu. Þessar breytingar á neyslunum fólks hafa komið harðar niður á lambakjötinu en nauta- og svínakjötinu,“ segir Sigmundur. Ekki hefur komið til uppsagna starfsfólks hjá Norðlenska, en hins vegar hefur ekki verið ráðið í störf sem hafa losnað.

Aukinn útflutningur

Á fyrstu mánuðum þessa árs hefur Norðlenska aukðið útflutning töluvert. Lágt gengi krónunnar gerir það að verkum að útflutningur er hagstæður um þessar mundir og segir Sigmundur E. Ófeigsson, framkvæmdastjóri, að framlegð af útflutningnum sé vel viðunandi. Jafnvel þótt gengi krónunnar kunni að styrkjast eitthvað á

næstu mánuðum, eins og Seðlabankankinn spáir, telur Sigmundur engu að síður að útflutningur verði áfram vænlegur.

„Eins og staðan er núna eru útflutningsmarkaðir okkar að gefa gott verð. Við höfum aukðið töluvert útflutning á heilum lambaskrokkum til Noregs og Færeyjamarkaður er stöðugur og okkur mjög mikilvægur. Færeyingar kaupa ýmsar vörur af okkur - t.d. læri og hryggi, svið og saltkjöt, svo eitthvað sé nefnt. Einnig seljum við sem fyrr töluvert af slögum til Bretlands,“ segir Sigmundur.

Góðar líkur eru á því, að mati Sigmundar, að nýir erlendis markaðir fyrir íslenskar kjötvörur opnast. Í því sambandi nefnir hann að fyrirspurnir hafi borist frá Kanada um frosið lambakjöt og fleiri þjóðir hafi lýst áhuga á kaupum á kjötvörum frá Norðlenska.

Aukinn útflutningur Norðlenska segir Sigmundur að hafi umtalsverða þýðingu fyrir starfsemi og afkomu félagsins.



Mikilvægt að panta nautgripa-slátrun

„Það er mikilvægt að bændur panti slátrun nautgripa með góðum fyrirvara. Við getum ekki orðið við ósk bænda um slátrun á ákveðnum dögum, ef um hana er beðið með nokkurra daga fyrirvara. Ef bændur hins vegar óska eftir slátrun á ákveðnum dögum með góðum fyrirvara getum við í langflestum tilfellum orðið við þeim óskum,“ segir Reynir Eiríksson, framleiðslustjóri og bætir við að á síðustu mánuðum hafi aukist ásókn í að slátra nautgripum hjá Norðlenska.

Bein til Ghana

Í mars sl. flutti Norðlenska út fyrstu gámana af lambabeinum til afrikuríkisins Ghana, þar sem þau eru nýtt til þess að búa til súpur. Um er að ræða frampartabein og bein úr slögum.

Reynir Eiríksson, framleiðslustjóri, segir að þessi viðskipti hafi komist á með milligöngu hollensks aðila og hér sé um að áhuga-verðan útflutning að ræða. Þrátt fyrir að töluverða fjármuni kosti að flytja beinin til Ghana segir Reynir að fjárhagslega sé útkoman af heildardæminu viðunandi. Að öðrum kosti væri beininum fargað hér heima, með tilheyrandi kostnaði.

Fulltrúi kaupandans í Ghana kom á dög-unum í Norðlenska til þess að kynna sér aðstæður og fara yfir áframhald þessara viðskipta og meta möguleikann á því að útvíkka þau.

Vextirnir verða að lækka

„Þessir háu stýrivextir gera fyrirtæki eins og Norðlenska gríðarlega erfitt fyrir. Það segir sína sögu að hvert prósentustig sem Seðlabankinn lækkar stýrivexti þýðir umtalsverða lækkun fjármagnskostnaðar hjá fyrirtækinu. Það skiptir okkur og allt atvinnulíf í landinu því gríðarlega miklu máli að vextirnir lækki verulega á næstunni. Þrátt fyrir þessar erfiðu ytri aðstæður í rekstri fyrirtækisins er þó rétt að taka fram að við höfum náð að greiða af öllum okkar lánum og erum með allt í skilum. Með öðrum orðum teljum við okkur komast í gegnum þennan ólgusjó án þess að fá sérstaka aðstoð okkar viðskiptabanka,“ segir Sigmundur E. Ófeigsson, framkvæmdastjóri Norðlenska.

Sigmundur segir að vaxtabyrði fyrirtækisins hafi verið hvað þungst sl. haust þegar fyrirtækið hafði nýverið tekið afurðalán til þess að standa skil á greiðslum til sauðfjárnleggjenda. „Þá voru stýrivextirnir 18% og við vorum því að greiða 23% raunvexti. Þetta nær auðvitað ekki nokkurri átt,“ sagði Sigmundur.

Eins og á síðasta ári hefur daglegur rekstur Norðlenska gengið vel það sem af er þessu ári og segir Sigmundur að lækki vextirnir verulega á næstu vikum og mánuðum séu rekstrarhorfur á þessu ári þökkalegar.

Neysluvenjur fólks hafa breyst

„Það er engin spurning að það hefur orðið mikil breyting á neysluvenjum fólks á síðustu mánuðum. Fólk hefur í auknum mæli fært sig yfir í ódýrari heimilismat - hakk og ýmsar farsvörur, til dæmis hamborgara, kjötfars, bjúgu og fleira,“ segir Ingvar Már Gíslason, markaðsstjóri Norðlenska.

Að undanförunu hefur verið gríðarleg sala í hamborgurum á grillið, en sala á hinum hefðbundnu grillvörum frá Norðlenska er að fara í fullan gang þessa dagana

„Núna horfir fólk fyrst og fremst á vöruverðið og síðan kemur innihald og gæði þar á eftir. Fólk

gerir eftir sem áður miklar kröfur um vörugæði og hvað er í vörunni, en engu að síður er greinilegt að meira er horft en áður á verðmiðann,“ segir Ingvar Már.

Vinsælar vörur frá Norðlenska halda sinni stöðu á markaðnum og fyllilega það. Nefna má t.d. skinku, spægipylsu og fleiri tegundir af áleggji. Sérstaklega er vert að geta um gömlu, góðu KEA-kindakæfuna, sem Norðlenska setti á markaðinn undir lok síðasta árs eftir langt hlé. Ekki þarf að orðlengja það að þessi vara hefur slegið í gegn á markaðnum og er nú mest selda kæfa Norðlenska.

Auglýst eftir starfsfólki í haustslátrun

Norðlenska auglýsir eftir duglegum og jákvæðum starfsmönnum í ýmis störf sem tengjast sauðfjárslátrun haustið 2009.

- Reynsla af áþekku starfi er kostur.
- Samviskusemi og vandvirkni.
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum.

Norðlenska útvegar og greiðir fyrir:

- Húsnæði fyrir aðkomufólk
- Mat á vinnutíma
- Vinnufatnað

Umsóknarfrestur er til 20. júní. Rafræn umsóknareyðublöð eru á www.nordlenska.is/atvinna. Frekari upplýsingar, m.a. um launakjör veitir Jóna Jónsdóttir starfsmannastjóri, í síma 460 8850 eða á netfanginu jona@nordlenska.is